

BREYTING Á LAGARFOSSLÍNU

Milli Eyvindarár og Tókastaða, Fljótsdalshéraði

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 28. mars 2008 tilkynnti Línuhönnun f.h. Landsnets niðurrif á hluta Lagarfosslínu frá Lagarfossvirkjun að tengivirki við Eyvindará og í staðinn lagningu jarðstrengs milli Tókastaða og Eyvindarár til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Neytendastofu og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 8. maí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. maí 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 5. maí 2008 og Umhverfisstofnu með bréfi dags. 11. apríl 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfi dags. 29. júlí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Landsnets kemur fram að fyrirhugað sé að fjarlægja hluta af Lagarfosslínu 1, sem sé 66 kV loftlína sem liggja frá Lagarfossvirkjun að tengivirki við Eyvindará, rétt norðan við þéttbýlið við Egilsstaði. Þess í stað komi jarðstrengur frá afleggjara að Tókastöðum, suður Eiðapinghá að tengivirki við Eyvindará. Loftlínan sem verði fjarlægð sé um 5 km en nýr jarðstrengur um 5,2 km. Ástæða breytinganna sé aukið mikilvægi línunnar vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar og bágð ástand núverandi línu. Spennan á línunni verður eftir sem áður 66 kV.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að gróður á framkvæmdasvæðinu sé aðallega mórar með stöku mýrarflákum og lítt gróin klapparholt og melar. Framkvæmdasvæðið nái yfir tvenn gróin tún við Uppsali og Þrándarstaði. Engar heimildir hafi fundist um að fuglalíf á svæðinu sé á einhvern hátt sérstætt, en búsvæði bendi til að þar séu algengir mófuglar. Minniháttar rask fylgi framkvæmdunum og því verði áhrif á búsvæði fugla lítil. Við niðurrif línunnar hverfi sú áflugshætta sem þar hafi verið og ætti því brotthvarf línunnar að hafa jákvæð áhrif á fuglalíf til framtíðar.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að í skrá um friðlýstar fornminjar sé ekki að finna minjar á framkvæmdasvæðinu.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Fornleifavernd ríkisins, Neytendastofa og Umhverfisstofnun telja í umsögnum sínum ekki ástæðu til að framkvæmdirnar verði háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs taldi í umsögn sinni að framkvæmdirnar þyrftu að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna áhrifa á nýtingu náttúruauðlinda og landnotkun sem fyrir er.

Í svörum Landsnets kemur fram að óskað hafi verið frekari skýringa á afstöðu skipulags- og byggingarnefndar Fljótshéraðs til matsskyldu. Í afgreiðslu bæjarráðs Fljótshéraðs, dags. 23. júlí 2008, komi fram að fyrir misskilning hafi verið talið að erindið hafi snúið að matsskyldu Lagarfosslínu í heild en ekki eingöngu kaflann frá Tókastöðum að Eyvindará. En bæjarráð Fljótshéraðs telji ekki ástæðu til að sá kafla verði háður mati á umhverfisáhrifum.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að þau umhverfisáhrif sem felist í framkvæmdinni tengist fyrst og fremst umferð vinnuvéla um línustæðið. Unnt sé að standa þannig að verki að ummerki verði í lágmarki m.a. með því að velja hentugan verk tíma og tæki til verksins. Stofnunin telur þá afstöðu Landsnets ábyrga að fjarlægja háspennulínur sem lokið hafi hlutverki sínu og dragi það úr sjónrænum áhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins greinir frá því að Minjavörður Austurlands hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði en engar fornleifar hafi fundist á svæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða niðurrif 5 km kafla á Lagarfosslínu milli Tókastaða og Eyvindará og lagningu jarðstrengs í staðinn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna séu áhrif á gróður og sjónræn áhrif vegna rasks af völdum umferðar tækja og plægingar á framkvæmdatíma. En þegar framkvæmdum verði lokið og búið verður að ganga frá svæðinu þá verði áhrif framkvæmdanna jákvæð þar sem loftlína hefur vikið fyrir jarðstreng. En brýnt er að verktilhögun verði með þeim hætti að raski verði haldið í lágmarki og svæðið ná sem fyrst fyrra ástandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að niðurrif á hluta Lagarfosslínu og í staðinn lagningu jarðstrengs milli Tókastaða og Eyvindará sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótshéraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 og Aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. september 2008.